

Sþ. 496. Tillaga til þingsályktunar

um rekstrarlán sildarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefndum Alþingis.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina, að hún hlutist til um það við bankana, að þeir veiti sildarútvegs mönnum og sildarsaltendum rekstrarlán gegn vixlum, tryggðum með veði í sildartunnum, salti og fullverkaðri sild.

Greinargerð.

Sild og sildarafurðir eru svo mikill hluti af útflutningsvöru vor Íslendinga, að brýn nauðsyn ber til að tryggja, svo sem framast er unnt, að þeir, sem þennan atvinnurekstur hafa með höndum, geti fengið nauðsynlegt rekstrarfé. Á þetta skortir nú svo mikið, að heita má, að bankarnir hafi verið lokaðir fyrir sildarútvegs mönnum og sildarsaltendum. Verða þeir því oft að sæta afarkostum hjá sildarkaupendum, er veita þeim fjárhagslegan stuðning til kaupa á tunnum og salti, einnig þurfa sjómenn og verkafólk oft að bíða óhæfilega lengi eftir kaupum sínum vegna rekstrarfjárleysis atvinnurekenda. Slikt ástand er mjög óviðunandi, og verður eigi séð, að ástæða sé til að setja þennan atvinnurekstur skör lægra en auman atvinnurekstur, heldur miklu fremur rétt að veita honum nokkra uppörvun, þar eð gjaldeyrishömlur og innflutningsbönn í neytlulöndunum hafa ekki hamlað honum til mikilla muna enn sem komið er.